



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun 21/2007

Kvörtun Punkturis – auglýsingar ehf. yfir skráningu og notkun Internetsins ehf. á léninu punkturis.is

I.

Erindið

Neytendastofu barst erindi í tölvupósti frá Hermanní Auðunssyni forsvarsmanni Punkturis – auglýsinga ehf., dags. 13. og 14. mars 2007, þar sem kvartað er yfir skráningu og notkun Internetsins ehf. á léninu punkturis.is. Lánið punktur.is hafi verið skráð hjá Interneti á Íslandi hf. (ISNIC) í febrúar árið 1998 og sé það eign Hermanns Auðunssonar. Orð- og myndmerkið Punktur hafi verið skráð í júlí 2004 hjá Einkaleyfastofu sem eign Hermanns. Þá hafi orð- og myndmerkið Punkturis verið skráð hjá Einkaleyfastofu í apríl 2007 sem eign Punkturis – auglýsinga ehf. Punkturis.is hafi verið skráð hjá ISNIC í janúar 2007 og sé það eign Internetsins ehf., áður Nýja Internetsins ehf.

Í erindinu segir að fyrir skömmu hafi forsvarsmáður Internetsins óskað eftir því að fá keypt lánið punktur.is af kvartanda. Hafi þeirri ósk verið hafnað. Fyrirsvarsmenn Internetsins hafi þá skráð lánið punkturis.is hjá ISNIC.

Kvartandi telur að með skráningu lénsins punkturis.is hafi Internetið brotið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

II.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 23. mars 2007, var Internetinu sent erindi kvartanda til umsagnar. Svarið er dags. 4. apríl 2007. Þar segir að forsendan fyrir skráningu lénsins punkturis.is sé sú að fyrirtækin eru í ólíkum rekstri og því ólíklegt að þeim verði ruglað saman. Það hafi því verið í góðri trú sem fyrirtækið skráði lánið punkturis.is. Internetið hyggist



starfrækja lénaskráningu á vefnum og telji því að lénið punkturis.is sé lýsandi fyrir þá starfsemi. Sé sú starfsemi önnur en starfsemi kvartanda og sé því ólíklegt að starfsemi fyrirtækjanna verði ruglað saman. Sé því skráning lénsins punkturis.is ekki brot á ákvæðum laga nr. 57/2005.

2.

Kvartanda var sent bréf Internetsins til umsagnar, dags. 11. apríl 2007. Svar barst, 8. júní 2007 frá Stefáni Boga Sveinssyni hdl.

Í svarinu segir að ljóst sé að Internetinu hafi verið fullkunnugt um skráningu Hermanns Auðunssonar á léninu punktur.is en engu að síður hafi fyrirtækið skráð lén sem sé eins líkt léni kvartanda og mögulegt væri. Væri Internetið með því að brjóta ákvæði 5. gr. og 2. mgr. 12. gr. laga nr. 57/2005.

Því er hafnað að starfsemi fyrirtækjanna sé svo ólík að ekki sé hætt á ruglingi. Þvert á móti sé starfsemi kvartanda mjög tengd tölvum og internetinu. Tilgangur félagsins sé skv. hlutafélagaskrá, hugbúnaðargerð og ráðgjöf varðandi hugbúnað. Skv. samþykktum félagsins sé tilgangur þess hvers konar hönnun, þróun, ráðgjöf, tölvuvinnsla, sala á netinu og nauðsynleg starfsemi því tengdu.

Lögð er sérstök áhersla á að Internetið eigi engan rétt til sérheitisins punkturis en það sé hins vegar heiti kvartanda og njóti hann því lögverndaðs réttar til notkunar á heitinu. Orðið punkturis sé ekki almennt orð með merkingu í daglegu tali og sé í raun ekki til í íslenskri tungu nema í heiti kvartanda.

3.

Internetinu var gefinn kostur á andsvörum með bréfi Neytendastofu, dags. 20. júní 2007. Svar barst frá Sigurði Árnasyni lögfr., f.h. Internetsins, dags. 10. júlí 2007, þar sem fram kemur að félagið hafi hagsmuni af eign og notkun lénnafnsins punkturis.is enda sé það mjög lýsandi fyrir starfsemi fyrirtækisins.

Í svarinu er því hafnað sem röngu sem fram kom í svari kvartanda, dags. 8. júní 2007, að orðið punkturis sé ekki almennt og algengt í íslensku talmáli. Endingin „.is“ sé einkennandi fyrir vefsvæði sem hýst séu á íslenskum vefþjóni.

Kvartandi og Internetið geti ekki talist vera í samkeppni þar sem tilgangur Internetsins sé heimasíðugerð, vefhýsing og almenn forritun en tilgangur kvartanda sé hugbúnaðargerð. Ólíklegt sé að neytandi finni viðeigandi upplýsingar á vefsvæði hins aðilans enda ekki um samskonar



þjónustu að ræða. Þá sé ekki hætt á ruglingi þar sem lénið punktur.is hafi ekki verið starfrækt frá því í júní 2006.

Því er hafnað að Internetið hafi ekki verið í góðri trú þegar það tryggði sér lénið punktur.is enda hafi kvartandi ekki sýnt léninu áhuga fyrr en Internetið fékk það skráð. Þá hafi Internetið enga viðskiptalega hagsmuni af því að trufla viðskipti kvartanda né heldur að laða viðskiptavini kvartanda inn á vefsvæði sitt.

4.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 13. júlí 2007, var málsaðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið. Með bréfinu fylgdi listi yfir gögn málsins.

III.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu kvartar Hermann Auðunsson forsvarsmáður Punktur.is – auglýsingar ehf. yfir skráningu og notkun Internetsins ehf. á léninu punktur.is. Hermann er réttthafi lénsins punktur.is og er það skráð hjá ISNIC í febrúar árið 1998. Internetið er hins vegar réttthafi lénsins punktur.is sem hafi verið skráð hjá ISNIC í janúar 2007. Veruleg hættu sé á ruglingi milli fyrirtækjanna enda sé starfsemi beggja fyrirtækjanna tengd tölvum og internetinu. Orðið punktur.is sé ekki almennt orð með merkingu í daglegu tali og sé í raun ekki til í íslenskri tungu nema í heiti kvartanda. Notkun Internetsins á léninu punktur.is sé því brot á 5. og 2. mgr. 12. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Af hálfu Internetsins er því haldið fram að fyrirtækin séu ekki í sambærilegri starfsemi og því sé ruglingshætta milli fyrirtækjanna ekki fyrir hendi. Internetið starfar við heimasíðugerð, vefhýsingu og almenna forritun. Starfsemi kvartanda sé fyrst og fremst hugbúnaðargerð. Orðið punktur.is hafi með tilkomu internetsins og hýsingu vefja á lénum með endingunni .is orðið almennt orð í íslensku tali og geti Punktur.is – auglýsingar því ekki átt einkarétt á orðinu.

2.

Kvartandi vísar í 5. og 2. mgr. 12. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Í 5. gr. laganna segir að óheimilt sé að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er



gagnvart hagsmunum neytenda. Ákvæðið er almenn vísiregla að því er varðar viðskiptasiðferði og er ætlað að stuðla að góðum síðum í viðskiptum. Af ákvæðinu má ráða að í atvinnustarfsemi verði fyrirtæki að virða tiltekin síðferðileg gildi og viðhafa góða viðskiptahætti gagnvart keppinautum sínum og neytendum. Mat á því hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki er lagt í hendur Neytendastofu og dómstóla.

12. gr. laganna segir:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í lagagreininni felst almenn samkeppnisregla um vernd auðkenna og er hún til fyllingar á vörumerkjavernd eins og sést glögg af lögskýringargögnum, s.s greinargerð með frumvarpi til þágildandi samkeppnislaga, sbr. nú lög nr. 57/2005. Fyrri málsliður greinarinnar hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Samkvæmt greinargerðinni skiptir ákvæðið máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þá segir í greinargerðinni að í 2. ml. 12. gr. sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti.

3.

Við könnun Neytendastofu á notkun lénanna á Internetinu kemur í ljós að hvorugt þeirra er í beinni notkun. Ef slegið er inn punktur.is opnast engin heimasíða og ef slegið er inn punkturis.is færast leitandi inn á heimasíðuna nyjainternetid.is en eldra nafn Internetsins var Nýja Internetið ehf. Við leit á leitarvef ISNIC má sjá að lénið punktur.is er skráð eign Hermanns Auðunssonar og hefur verið það allt frá því í febrúar 1998. Lénið punkturis.is er skráð eign Internetsins frá því í janúar 2007. Þá virðist lénið punktur.is hafa verið í notkun frá skráningu þess fram í júní 2006 en sé ekki í notkun í dag. Punkturis – auglýsingar hafi í hyggju í náninni framtíð að opna vefsíðuna aftur.

Þeir sem nota Internetið hafa vanist því að fyrirtæki og stofnanir hér á landi skrái lén sín fyrst og fremst með firmanafni eða hluta þess en annars með því sem auðkennir þjónustu þeirra, með endingunni .is. Í máli þessu má ætla að þeir sem vilja finna heimasíður Punkturis – auglýsingar og Internetið slái inn nöfn fyrirtækjanna eða hluta þeirra með endingunni .is. Á þann hátt finnst



vefsetur Internetsins og vefsetur Punktur.is – auglýsinga í náinni framtíð. Varla mundi sá sem ekki þekkir heimasíðu Internetsins slá inn punktur.is heldur internetid.is svo varla er í því tilviki ruglingshætta við heimasíðu punktur.is – auglýsingar. Virðist það jafnframt vera skoðun Internetsins enda ber heimasíða fyrirtækisins heitið nýjainternetid sem er eldra heiti fyrirtækisins. Ef slegið er inn internetid.is færast leitandi jafnframt inn á þá sömu heimasíðu. Á hinn bóginn má ætla að sá sem leitar á Netinu að heimasíðu Punktur.is – auglýsinga slái inn punktur.is eða punktur.is. Eru því verulegar líkur á að sú leit geti opnað heimasíðu Internetsins. Þar sem bæði fyrirtækin starfa í tengslum við tölvur og internetið eykur það enn frekar á ruglingshættu milli fyrirtækjanna. Þá þykir stofnuninni ljóst af gögnum málsins að Internetið hefur við skráninguna gert sér grein fyrir ruglingshættunni.

Með skráningu firmanafns gildir sú meginregla að eigandi þess öðlast að jafnaði einkarétt til nafnsins þ.e. öðrum óheimilt að nota nafnið eða annað nafn sem líkist því það mikið að um ruglingshættu geti verið að ræða. Það skilyrði er sett að firmanafnið verður að geta aðgreint fyrirtækið frá keppinautum á markaði og að almenn orð teljast ekki hæf til að vera firmanöfn eða njóta einkaréttar. Eins og fram hefur komið er Punktur.is – auglýsingar skráð í hlutafélagaskrá og hefur því verið talið tækt sem firmanafn. Fyrirtækið er skráð sem heiti með tveim orðum en í máli þessu er deilt um hvort fyrra orðið, þ.e. punktur.is, eitt og sér sé hæft til skráningar sem firmanafn.

Öll lénaöfn sem skráð eru hjá ISNIC, fá endinguna .is. Endingin .is er því orðin alkunn í íslensku máli. Að skrifa lénaendinguna .is eftir framburði sem samsett orð, þ.e. punktur.is virðist hins vegar ekki vera útbreitt. Í máli þessu er því gagnstæða haldið fram af Internetinu, en að mati Neytendastofu hefur fyrirtækið ekki fært sönnur á að slík notkun sé almenn. Orðið punktur.is er að mati Neytendastofu ekki almennt og því hæft til skráningar sem sérheiti.

Samkvæmt framansögðu er það mat Neytendastofu að Internetið hafi með skráningu sinni á léninu punktur.is brotið gegn ákvæði 5. og 12. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.



IV.

Ákvörðunarorð

„Skráning og notkun Internetsins ehf. Ármúla 18, Reykjavík, á léninu punkturis.is er brot á ákvæðum 5. og 12. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins bannar Neytendastofa Internetinu ehf. að nota lénið punkturis.is.

Bannið tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar. Verði ekki farið að banninu mun viðurlögum laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins verða beitt.“

Neytendastofa, 19. nóvember 2007